

## Hagnýtar upplýsingar um ráðstefnuma

- Innritun fer fram 09:30 til 10:00 á föstudeginum 24. maí, í anddyri hótelsins.
- Snyrtingar og fatahengi er inn af móttökunni. Einnig eru snyrtingar í kjallara.
- Ráðstefnan fer fram á þremur stöðum á jarðhæð hótelsins eða í aðalsal, sal 2 og sal 3. Aðalsalurinn er ráðstefnusalur hótelsins, salur 2 er á hótelnarum og salur þrjú í herbergi sem er innan af barnum. Þessir þrír staðir eru í nokkurra skrefa fjarlægð hver frá öðrum.
- Tvær málstofur eru í hverjum sal báða ráðstefnudagana eða sex málstofur alls. Fyrirlestrar eru að jafnaði 30 mín. að föstudagsmorgni undanskildum. Skipaðir hafa verið málstofustjórar fyrir hverja málstofu, sem halda utan um framkvæmd þeirra. Einnig fylgja málstofustjórar eftir tímamörkum fyrirlestra og nota til þess hefðbundin 5 mín. og 1 mín. tímablöð. Fyrirlesarar eru hvattir til að kynna sér lengd fyrirlestra.
- Málstofustjórar hafa það hlutverk að kynna hvern fyrirlesara skv. dagskrá, auk þess að stuðla að greiðum skiptum á milli erinda. Leitast verður við að hafa fyrirlestrarglæsur tilbúnar á tölvu viðkomandi málstofu til að flýta fyrir. Upplýsingar um málstofur, málstofustjóra og fyrirlesara eru hér: <https://www.bifrost.is/forsida/radstefna/dagskra>
- Innifalið í ráðstefnugjaldi eru hádegisverðir sem reiddir verða fram í veitingasölu hótelsins á föstudegi og laugardegi. Einnig er kaffihressing innifalin, bæði fyrir og eftir hádegi, báða dagana.
- Lagt verður af stað í vettvangsferð frá hótelinu kl. 17:00.
- Þriggja rétta hátíðarkvöldverður ráðstefnunnar hefst kl. 19:00 í Landnámssetrinu á fordrykk í boði Háskólans á Bifröst. Borðhald hefst um hálf tíma síðar. Einar Kárasón, rithöfundur og sagnaþulur er sérstakur gestur kvöldsins. Hlekkur á matseðil kvöldsins verður aðgengilegur á vef ráðstefnunnar [bifrost.is/radstefna](https://www.bifrost.is/radstefna). Um 5 mín. gangur er frá hótelinu í Landnámssetrið.
- Innheimta vegna kvöldverðar og vettvangsferðar fer fram við skráningu á ráðstefnunna. Nauðsynlegt er að hafa skráð sig áður á vef ráðstefnunnar [bifrost.is/radstefna](https://www.bifrost.is/radstefna).
- Innritun á hótelnherbergi er frá kl. 14:00 á föstudeginum. Brottför (checkout) er kl. 11:00 á laugardeginum.